

## **Þjóðgarðurinn.**

### **Fyrsti dagur.**

Flestir Íslendingar, sem komnir eru til vits og ára hafa komið til Þingvalla. Líklegt má telja að ferðin hafi verið eitthvað á þessa leið: Stansað við hringsjána á Hakinu við Kárastaðastíg, ekið síðan eftir Þjóðveginum norður á Leirurnar og þaðan heim að Valhöll. Stansað þar um stund, ekið svo að Peningagjá, kastað nokkrum skildingum í hana, gengið upp í Almannagjá og litið yfir Þingstaðinn af útsýnispallinum. Ef til vill hefur kirkjan verið skoðuð, gengið að leiðunum í Þjóðargrafreitnum og síðan sest upp í bílinn og ekið burt.

En Þingvellir hafa upp á margt annað að bjóða en þetta, en til þess að njóta þess verða menn að yfirgefa bílinn um stund og ferðast um á “hestum postulanna”.

Við yfurgefum bílinn á bílastæðinu við Kárastaðastíginn og göngum að hringsjáni. Hún stendur á Hakinu, en svo nefnist klettaraninn sem gengur fram milli Hestagjár og Almannagjár og er til hægri handar, þegar gengið er niður í hana. Eftir að hafa dvalið um stund hjá hringsjáni, virt fyrir okkur fjallahringinn, hugað að helstu kennileitum og lært helstu örnefnið leggjum við af stað og göngum eftir vestri barmi Almannagjár, í áttina að Öxarárfossi. Þessi leið er ekki löng en hún býður upp á margt forvitnilegt, sem ekki er þörf að telja hér upp, en fólki skal bent á að fara með gát því gjárbarmurinn er mjög sprunginn og getur verið háll í bleytu.

Þegar komið er að fossinum er sjálfsagt að stansa um stund og litast um. Talið er að eftir að forfeður okkar höfðu valið þennan stað fyrir allsherjarþing hafi þeir stíflað ána og veitt henni í þann farveg, sem hún rennur nú eftir til að tryggja nægilegt neysluvatn á þingstaðnum meðan þing stóð yfir. Merki um hinn fyrri farveg sjást vestan við veginn hjá brúnni. Við höldum síðan göngunni áfram, en nú verður að gera annað tveggja; vaða ána, eða krækja fyrir hana upp á brú. Þegar við höfum klifrað yfir stigana á girðingunni komum við bátt að skarði sem gengur inn í gjárbarminn Þar hjá er lítil grjótvörða, sem er til merkis um merkan stað, því í ljós kemur, að þarna er skarð í gjárvegginn, og um hann liggur stígur niður í gjána. Stígurinn er lagður grjóti því um hann lá aðal leiðin að vestan og sunnan niður á Vellina. Frá fornu fari lá aðalleiðin meðfram vatninu að vestanverðu, en árið 1789 urðu jarðskjálftar á Þingvöllum, svo miklir, að vatnsbakkinn seig um alin (rúml. 60 cm) samkvæmt frásögn Sveins Pálssonar læknis. Þá fór þessi gata undir vatn og var ófær. Var þá reynt að komast með hesta niður Kárastaðarstaðastíginn, en hann var svo þröngur, að baggahestar komust ekki þar niður. Urðu menn þá að ríða hingað að skarðinu sem við erum stödd í. Þá var skarðið lagað og gert hestfært. Stígurinn heitir Langistígur.

Við göngum nú niður Langastíg og höldum suður gjána, sem heitir Stekkjargjá á þessum kafla. Brátt komum við að háum, kloffnum kletti á hægri hönd. Þetta eru Gálgaklettar, en fyrrum var tré skorðað á milli þeirra, og þeir þjófar hengdir, sem dæmdir höfðu verið til lífláts á Alþingi. Nokkru sunnar við Gálgaklettar eru rústir af steknum, sem gjáin er við kennd. Þaðan liggur leiðin eftir sléttri gjáni að Öxarárfossi. Þar breytir gjáin um nafn og heitir Almannagjá að Hakinu. Þangað liggur leiðin að bílnum, sem bíður uppi á gjárbarminum á bílastæðinu hjá Hakinu.

Ef tími vinnst til er sjálfsagt að lengja gönguna nokkuð með því að halda áfram út Almannagjá og inn í Hestagjá, en svo heitir gjáin bak við Valhöll. Í Hestagjá hefur trúlega verið mikið fjör og læti fyrrum, þegar hestunum hafði verið safnað þar saman og höfðingjarnir voru að taka saman farangur sinn, og búast til heimerðar með

fylgdarliði að lokinni langri þingsetu. En þá var gjáin notuð sem hestarétt og gerast þær ekki veglegri annars staðar. (Mbl. 2. ágúst 1979)

## Annar dagur.

### Litið við í eyðibýlunum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1928 og gengu þau í gildi tveimur árum síðar. Þrjú býli voru þá í byggð á svæðinu Hrauntún, Skógarkot og Vatnskot. Búskapur lagðist strax af á tveimur þeirra fyrrnefndu en lengur var búið í Vatnskoti. Í þetta sinn heimsækjum við tvö þau fyrstnefndu. Einn ljóður er þó samt á, þ.e. að finna hentuga leið að komast aftur að bílnum, þar hann verður skilinn eftir því. En einhver ráð finnast til að leysa úr því máli.

Við hefjum gönguna við Sleðaás, en hann er sunnanundir Ármannsfellinu. Þar eru tröppur yfir þjóðgarðsgirðinguna stutt frá hinni gömlu skilarétt sveitarinnar, sem lauk hlutverki sínu fyrir allöngu. Við stöðrum þar við um stund, en leggjum svo af stað eftir gömlu götunni að Hrauntúni, sem liggur skammt úti í hrauninu. Hlaðin varða vísar okkur rétta leið að götuslóðanum. Við röltum eftir henni í rólegheitum. Innan stundar erum við komin að túninu og bæjarrústunum. Fyrrum var hér allt fullt af lífi, búið myndarbúi og margt að sýsla. En nú er þetta allt horfið og túnið og rústirnar einar tala sínu máli. Túngarðarnir eru allir hlaðnir úr hraungrýti og sama er að segja um rústir íbúðar- og gripahúsa. Gaman er að skoða vatnsbólið, sem er í djúpri holu suðvestanvert við bæjarrústirnar.

Eftir hæfilega dvöl í Hrauntúni leggjum við aftur af stað og nú göngum við suður hraunið í áttina að Skógarkoti eftir gömlu götunni milli bæjanna. Sunnarlega í túninu er skarð í túngarðinn. Við förum þar um og hittum um leið á götuna sem er skýr og greiðfær alla leið að Skógarkoti. Til gamans má geta þess, að í upphafi bílaaldarinnar skömmu fyrir 1930 var eina akfæra leiðin milli Suðurlands og Borgarfjarðar um Kaldadal að Húsafelli. Þá fóru bílarnir þennan veg, þótt ótrúlegt sé. Nokkru áður en við komum að Skógarkoti förum við yfir veginn, sem lagður var þvert yfir hraunið frá Hrafnagjá að Völlum í tilefni 11 alda afmælis byggðar á Íslandi. Þessi nútíma hraðbraut ætti að vekja okkur til nokkurrar umhugsunar um þær gífurlegu breytingar á samgöngum, sem hafa orðið á landinu á 20. öldinni, og ekki sér enn fyrir endann á.

Héðan frá þjóðveginum er stutt heim að Skógarkoti. Þar eru ummerkin mjög áþekkt og í Hrauntúni, en þó hefrur steinsteypan verið notuð hér við byggingu íbúðarhússins. Frá þessum stað blasir við hinn fagri fjallahringur sem umlykur Þingvallasveitina, og er sjálfsagt að gefa sér góðan tíma til að virða hann fyrir sér og rifja upp helstu örnefnin, sem er að finna á kortinu, sem við höfum auðvitað með okkur.

Fyrrum lá þjóðleiðin að sunnan frá Vatnsviki (Vellankötlu) til Þingvalla fyrir neðan túnið í Skógarkoti. Erum við því hér á krossgötum. Getum farið áfram niður að vatni, eða haldið til hægri að Þingvöllum.

Um þessa fornu götu hefur margt stórmenni lagt leið sína í aldanna rás, en þekktastir og voldugastir voru feðgarnir og konungarnir Kristján 9. og Friðrik 8. Kristján kom sumarið 1874 og Friðrik sumarið 1907. Þeir fóru ríðandi austur að Gullfossi og Geysi og komu við á Þingvöllum í leiðinni. Gaman er að rifja upp frásögnina af komu Kristjáns. Það var mikið um að vera við Almannagjá 6. ágúst það ár. Um 1000 manns höfðu safnast þar saman til að halda þjóðhátíð. Bjuggu þeir í

tjöldum. Síðdegis þennan dag var von á konungi að austan og fylgdi honum hópur tiginna manna. Þegar konungsfylgdin nálgadist var hraðboði sendur á undan til að flygja fundarmönnum fréttirnar. Stigu þá 12 mektarbændur á bak hestum sínum og riðu til móts við konung undir forystu Tryggva Gunnarssonar, síðar bankastjóra. Þeir mættu konungi fyrir neðan túnið í Skógarkoti og fluttu honum hollustukveðjur frá hátíðargestunum. Síðan riðu þeir fyrir konungsfylkingunni til baka á Þingvöll. Þá var ekkert gistihús til staðar, svo konungur var búinn næturstaður í Þingvallakirkju, sem þá var veglegasta húsið á staðnum.

Nú fetum við þessa sömu slóð heim að Þingvallabæ. Tímarnir hafa að sönnu breyst, en hraunið, lyngið og fjallahringurinn er óbreytt. Mættu þau mæla, hefðu þau frá mörgu að segja.

(Mbl. 9. ágúst 1979)

## Þriðji dagur.

### Gengið um gjárnar.

Við höfum þegar farið tvær skoðunarferðir um Þjóðgarðinn. Nú skoðum við gjárnar. Bílinn skiljum við eftir hjá Þjónustumiðstöðinni á Leirunum og göngum þaðan eftir gjánum suður að Öxarárfossi. Talið er að mikil eldgos hafi átt sér stað fyrir austan Hrafnabjörg. Hraunið rann vestur yfir yfir. Síðar seig hraunflekinn milli Almannagjár og Hrafnagjár og þá mynduðust gjárnar og það landslag, sem við þekkjum svo vel.

Þjóðvegurinn liggur niður á Leirurnar um svonefndan Tæpastíg Hvannagjár, sem er fyrir norðan veginn og Snjólagjár að sunnanverðu. Við göngum inn í norðurendann á Snólagjá. Þar eru lóðréttir hamraveggir til beggja handa en botn gjárinnar er víða vafirr gróðri. Hér er að finna rennisléttar flatir en þó þarf að klöngrast yfir stórgryti á nokkrum stöðum, sem veldur töf. Þótt frá gjánni að veginum handan við gjárbarminn sé aðeins steinsnar, þar sem ys og þys umferðarinnar heyrast jafnt og stöðugt, erum við innilokuð í þessum klettasal í þögn og kyrrð. Og okkur liggur ekkert á, því er margt að skoða og hér getum við rölt um í ró og næði án nokkurrar truflunar.

Þessi mikla hraunsprungu liggur frá Þingvallavatni og allt norður að Ármannsfelli, misjafnlega breið og djúp. Hún heitir ýmsum nöfnum. Fyrir norðan veginn er Hvannagjá, sem fyrir er nefnd. Fyrir sunnan hana er Snólagjá, þá Stekkjargjá, Almannagjá, Hestagjá, Lambagjá og syðst er Hrutagjá, en hún er fyrir vestan og norðan Kárastaðanesið. Öll þessi nöfn minna á ákveðna starfsþætti þess fólks, sem fyrrum bjó og starfaði á Þingvöllum. Auk rústanna af stekknunum í Stekkjargjá eru Gálgaklettur, aftökustaður þjófa, og vestur úr henni er Langistígur, sem við höfum skoðað áður. Í Almannagjá, fast við brúna, er Drekkingarhylur. Þar var sakakonum drekkt. Þannig minna næstum hvert spor sem við stógum, okkur á kafla Íslandssögunnar. Sumir þeirra vekja gleði og fögnuð, en aðrir þjáningar og tár. Þegar við erum komin að Öxarárfossi skulum við halda að Spönginni, en svo nefnist hrauntungan, sem er á milli Flosagjár og Nikulásargjár.

Rétt áður en við komum að afleggjaranum heim að Þingvallabænum er grunn breið gjá á vinstri hönd. Heitir hún Brennugjá, því þar voru þeir menn brenndir á 17. öld, sem sakaðir voru um galdra. Eldsneytið var nærtækt, nokkrir hestburðir af hrísi úr Þingvallaskógi

Gjárnar tvær eru hyldjúpar með kristalstæru vatni. Brú er á Nikulásargjá og hafa margir haft þann sið að kasta smámynt af brúnni í vatnið. Hefur gjáin því oft verið nefnd Peningagjá. Þessi siður er ekki ýkja gamall.

Nikulásargjá er kennd við Nikulás Magnússon sýslumann í Rangárvallasýslu sem druknaði í gjánni á þingi árið 1742, en Flosagjá er kennd við höfðingjann Flosa Þórðarson frá Svínafelli í Örnafum, sem stjórnaði aðförinni að Njáli Þorgeirssyni og sonum hans á Bergþórshvoli og brenndi þá inni sumarið 1011. Árið eftir var þetta mál tekið fyrir, en þegar sættir tókust ekki með mönnum hófst bardagi. Hallaði á Flosa og menn hans. Segir sagan að Flosi hafi flúið undan óvinum sínum og á flóttanum hafi hann stokkið yfir gjána.

Frá Spönginni höldum við af stað áleiðis að bílnum og göngum eftir vestari barmi Flosagjár. Hún er víða hyldjúp og margra metra háir lóðréttir hamraveggir til beggja handa. Þetta minnir á, að hér þarf að fara að með gát því hrasir einhver og falli í vatnið er harla lítil von um skjóta björgun. Á móts við Stekkjargjá er haft á gjánni og þar var farið yfir gjána fyrrum þegar haldið var til Skógarhóla.

Með þessum hætti röltum við áleiðis að bílnum. Ekki er unnt að segja, hve gönguferðin tekur langan tíma en þó má reikna með 4 klst.

Í þessari gönguferð höfum við staldrað við á ýmsum þeim stöðum sem tengjast þekktum atburðum í sögu Þjóðarinnar. Skáldið Jakob Jóhannesson Smári orti kvæði undir hughrifum þessa staðar. Ég læt þetta kvæði fylgja hér með í lokin til áréttingar því sem að framan er sagt.

## Þingvellir

*Sólskinið titrar, hægt um hamra og gjár,  
En handan vatnsins sveipast fjöllin móðu.  
Himinninn breiðir faðm jafn fagurblár  
sem fyrst, er menn um þessa velli tróðu.*

*Og hingað mændu eitt sinn allra þrjár.  
Ótti og von á þessum steinum glóðu.  
Og þetta berg var eins og ólgusjár,-  
þar sem allir straumar landsins saman flóðu.*

*Míning um grimmd og göfgi, þrek og sár  
geymast hér, þar sem heilög véin stóðu,-  
höfðingjans stolt og tötraþrælsins tár,  
sem tími og dauði í sama köstinn hlóðu.*

*Nú heyri ég minnar þjóðar þúsund ár  
sem þyt í laufi á sumarkvöldi hljóðu.  
(Mbl.16. ágúst 1979)*

## Gengið á Ármannsfell.

Sennilega er Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fjölsóttasti útivistarstaður landsins á góðviðrisdögum, þegar þúsundir manna safnast þar saman og njóta þeirrar og njóta

þeirrar náttúrufegurðar, sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Fjallahringinn sem þar blasir við augum þekkja flestir, sem kunna að lesa þessar línur. En Þingvelli og nágrenni þeirra er einnig hægt að skoða frá öðru sjónarhorni. Að vísu kostar það dálitla áreynslu og tíma, en óhætt er að fullyrða að enginn, sem því kynnist, sér eftir að hafa lagt það erfiði á sig í ferðalok. Þetta umgetna sjónarhorn er Ármannsfell, en það blasir við framundan, þegar ekið er eftir veginum vestan Almannagjár, áleiðis að þjónustumiðstöðinni á Leirunum.

Ármannsfell er mikið um sig en nokkuð flatt að ofan. Uppgangan er auðveld víðast hvar, enda lítið um klettabelti í því. Að sunnan er um margar leiðir að velja en við veljum leiðina upp Fjánhúsmúlanum, upp frá Skógarhólum. Þangð öikum við eftir þjóðveginum að Kaldadal, er liggur austur með Ármannsfelli. Á vinstri hond sjáum við Botnssúlurnar og Búrfellið. Milli þeirra er Leggjabrjótisleið, sem var afar fjölfarin áður fyrr, þegar farið var á milli Hvalfjarðar og Þingvalla. En þeir sem ætluðu að stystu leið til Skorradals í Borgarfirði fóru frá Svartagili um Gagnheiði, en svo nefnist lægin milli Botnssúlna og Ármannsfells. Nú eiga fáir þar leið um, helst fótgangandi menn í skemmtiferð.

Neðan undir Fjánhúsmúlanum er skeiðvöllur hestamanna og þar hafa þeir haldið sín landsmót. Það fyrsta árið 1950. Við skiljum bílinn þar eftir og leggjum á brattann. Samkvæmt korti erum við í 150 m hæð y.s.en hæsti hnúkur Ármannsfells er 765 m y.s.svo framundan er um 600 m hækkun. Það ætti ekki að vera nein þrekaun að sigra þá hæð svo framarlega sem göngunni er hagað skynsamlega.

Fjallshlíðin er föst undir fæti, en samt verða menn að sýna nokkra aðgæslu því sums staðar eru lausir smásteinar ofan á harðri móbergsklöppinni. Ef stigið er óvarlega á slíkasteina geta þeir runnið til og þá er jafnvæginu hætt.

Því herra sem miðar stækkar sjóndeildarhringurinn og að sjálfsögðu njótum við þess og gefum okkur tíma til að líta til baka. Gjáin mikla, sem nær frá Ármannsfelli og sður í Þingvallavatn blasir og við sjáum æ betur hvernig útlínur sigdældarinnar verða skýrari við hvert fótstíð. Úti á hraunsléttunni sést móta fyrir rústum eyðibýlanna Hrauntúns og Skógarkots með snotrum túnkrögum umhverfis, en syðst, á bakka Þingvallavatns, kúrir Vatnskot, en það fór síðast úr byggð þessara þriggja býla innan þjóðgarðsgirðingarinnar. Með kortið í hendinni getum við trúlega áttað okkur á rústum fleiri smábýla fyrrum voru á þessu svæði. Þau eru öll skilmerkilega merkt inn á kortið. Það ætti að hjálpa til, því ekki eru allar þessar rústir það skýrar, og unnt sé að greina þær úr þessari fjárlægð.

Þegar við erum komin upp á brún fjallsins upp af Fjánhúsmúlanum er drjúgur spölnur á hæsta hnúkinn. En mesti brattinn er af baki svo gangan gerist léttari. Og að lokum, þegar þangað er náð blasir við fagurt útsýni til norðurs, þar sem Langjökul og útvörð hans, Þórisjökul ber æst, en nær er Skjaldbeiður, hvergi tigulegri að sjá, en einmitt héðan. Í vestri eru Botnssúlur, Búrfell og Esjan, Skriðan, Tindaskagi og Hrafnabjörg í austri, en upp frá suðurenda Þingvallavatns rís Hengillinn og fjær Ingólfsfjall og Búrfell í Grímsnesi. Þetta útsýni svíkur engan.

Frá 765 m hæðinni höldum við austur á Stórhöfða, sem er nokkru lægri, en er beint fyrir ofan Hofmannafliot, sem er stór, rennislétt grasfliot milli Ármannsfells og Lágafells. Sá staður á sér skemmtilega sögu. Fyrrum skildu þar leiðir þeirra, sem sóttu þinghald á Þingvöllum að norðan, austan og vestan. Austfirðingar fóru Eyfirðingarveg sunnan Skjaldbreiðar, Norðlendingar Kaldadal, og Vestfirðingar Uxahryggi. Því er sennilegt að þarna hafi “hofmenn” fyrri tíða stigið af baki, dregið upp fleyg og skálað í síðasta sinn eftir löng og þreytandi þingstörf, áður en leiðir skildu. Má ýminda sér, að nafnið sé þannig til komið.

En svo segir þjóðsagan annað: Fyrir á tímum bjó bergrisi í þessu fjalli, sem Ármann hét (Fjallið er kennt við hann). Ármann var höfðingi heim að sækja og eitt sinn hélt hann mikið boð og bauð til sín flestum eða öllum tröllum landsins, sem þá voru uppi. Þessi eru nefnd: Þórólfur í Þórólfsfelli, Bárður Snæfellsáss, Hlaðgerður í Hlöðufelli og Bergþór í Bláfelli, svo nokkur séu nefnd. Margt var sér til gamans gert í þessari veislu. M.a. var háð mikil glíma á vellinum austan undir fjallinu. Meðan risarnir tókust á, sátu hinar stórvöxnu vinkonur þeirra í brekku neðan undir klettaborg fyrir norðan vellina. Þaðan fylgdust þær með átökum kappanna. Ekki er getið um úrslit þessa íþróttamóts, sem mun hafa verið hið fyrsta sinnar tegundar á landinu, svo kunnugt sé. En tvö ornefni urðu þó til: klettaborgin fékk nafnið Meyjarsæti og grundin Hofmannafliot.

Frá Stórhöfða förum við vestur fyrir Stórkonugil, sem merkt er á kort, göngum austan við smá stöðuvatn sem þar er falið í smá kvos, og síðan suður eftir hryggnum fyrir ofan Sleðaás. Þetta er ágæt göngleið. Við komum svo á þjóðveginn þar sem hann liggur yfir Sleðaásgjá fyrir austan Bolabás. Þaðan er stutt leið að bílnum, sem bíður okkar við skeiðvöllinn hjá Skógarhólum.

Skemmtilegri gönguferð er lokið.

(Mbl. 30. maí 1982)